



HLUTAÚTTEKT

Meðferðarstofnanir SÁÁ

Úttekt Embættis landlæknis á
gæðum og öryggi þjónustu í
meðferð kvenna og barna

Gerð á tímabilinu
febrúar 2016 – apríl 2016



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Hlutaúttekt. Meðferðarstofnanir SÁÁ

Höfundar:

Leifur Bárðarson sviðsstjóri
Laura Sch.Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur
Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur
Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur
Birgir Jakobsson landlæknir

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2016

© 2016 Embætti landlæknis
Leyfilegt er að afrita og nota efni þessa rits,
sé heimildar getið.

Þakkir

Embættið þakkar forsvarsmönnum SÁÁ góða samvinnu við úttektina

Hlutaúttekt

Meðferðarstofnanir SÁÁ

Úttekt Embættis landlæknis á gæðum
og öryggi þjónustu í meðferð kvenna og
barna

Gerð á tímabilinu
febrúar 2016 – maí 2016

INNGANGUR

Forsendur fyrir góðu, öruggu og skilvirku heilbrigðiskerfi er að hlutverk einstakra heilbrigðisstofnana og yfirmanna þeirra sé vel skilgreint. Ennfremur er mikilvægt að heilbrigðisstofnanir hafi skýra stefnumörkun og að yfirmenn og starfsfólk viðkomandi stofnunar þekki vel til stefnu hennar og viti til hvers er ætlast af hverjum og einum starfsmanni. Embætti landlæknis ber að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum á því sviði. Því beindist eftirlit Embættis landlæknis aðallega að eftirfarandi spurningum:

1. Er stefnumörkun starfseminnar hvað varðar meðferð barna og kvenna skýr og sýnileg öllu starfsfólki?¹
2. Er vinnulag stofnana SÁÁ varðandi gæði og öryggi í samræmi við samning SÁÁ við Sí frá 17. des. 2014 og leiðbeiningar Embættis landlæknis (*Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*)?
3. Er árangur starfseminnar þekktur og vel sýnilegur?
4. Hvernig er mönnun?
5. Hvernig er húsnæði og starfsaðstaða?

Mælikvarði:

- Gott: Fullnægir settum kröfum
- Viðunandi: Umbóta er þörf á ákveðnum sviðum
- Ófullnægjandi: Þarfnast verulegra umbóta

SAMANTEKT

Markmið SÁÁ er að sinna sérhæfðri heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga með afeitrunarmeðferð og meðferð sem miðar að því að stöðva eða draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu. Ekki er til skrifleg skýr stefnumörkun eða aðgerðaráætlun varðandi þjónustu við konur og börn/unglinga þótt forsvarsmenn SÁÁ hafi ákveðnar skoðanir á því hvernig meðferð skuli hagað. Meðal annars er stuðst við erlendar handbækur og rannsóknir í meðferðarvinnu. Meðferð á meðferðarstofnunum SÁÁ felur í sér afeitrun, fræðsluerindi, einstaklings- og hópmeðferð auk lyfjameðferðar.

Á hverjum degi eru hefðbundnir fundir á sjúkrahúsinu Vogli með þeim sem koma að meðferð sjúklinganna; læknum, hjúkrunarforstjóra, yfirsálfræðingi og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum. Vinnulag starfsfólks er að mestu hefðbundið og ekki virðist vera nán teymisvinna starfsstétta, frekar eins og um þrjár einingar sé að ræða, hjúkrunareiningu, læknaeiningu og ráðgjafaeiningu.






Aðgengi að þjónustu fyrir börn og konur er gott og biðtími lítill sem enginn.

¹ Með stefnumörkun er átt við að stofnunin setji sér markmið, skilgreini leiðir og hvernig árangur skuli metinn.

Árangur starfseminnar hvað varðar gæði og öryggi er ekki sýnilegur. Gæðahandbók er ekki fyrir hendi, ekki eru skriflegar verklagsreglur varðandi marga þætti starfseminnar. Til að mynda eru engar skriflegar verklagsreglur varðandi þjónustu á gátinni á Vogu. Ekki kemur fram hvort gerðar hafa verið þjónustukannanir en gerðar hafa verið kannanir varðandi fræðslufyrirlestra.

Húsakostur er góður bæði á Vogu og göngudeild í Von og vel búið að sjúklingum. Húsnæði í Vík er barn síns tíma en snyrtilegt og vel umgengið en til stendur að byggja nýtt hús fyrir starfsemina þar.

Samantekið álit:

1. Stefnumörkun		ófullnægjandi
2. Vinnulag og gæðastarf		ófullnægjandi
3. Sýnilegur árangur		viðunandi
4. Mönnun		viðunandi
5. Húsnæði og starfsaðstaða		gott

AÐFERÐIR

Úttektin var hlutaúttekt og beindist sérstaklega að vímuefna meðferð kvenna og barna² á meðferðarstofnunum SÁÁ; Sjúkrahúsinu Vogu, meðferðarstöðinni Vík, Kjalarnesi og göngudeildinni Von, Efstaleiti. Farið var í úttektarheimsóknir dagana 16. – 18. febrúar 2016.

Skýrsla úttektar skiptist í tvo hluta, annars vegar um úttektarheimsókn á Sjúkrahúsið Vog og hins vegar um heimsókn á meðferðarstöðina Vík og göngudeildina Von.

Í tengslum við úttektina var sendur spurningalisti til Þórarins Tyrfingssonar forstjóra sjúkrahússins Vogs og Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra, eins og þeim var tilkynnt um í úttektarheimsókninni.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Leifur Bárðarson sviðsstjóri, Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur og Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur ræddu við forsvarsmenn SÁÁ eftir ákveðnum viðtalsramma. Á Vogu var rætt við Þórarin Tyrfingsson forstjóra sjúkrahússins á Vogu og Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra. Á meðferðarstöðinni Vík var rætt við Þórarin Tyrfingsson og Hjálta Björnsson forstöðumann og á göngudeildinni Von var rætt við Karl Gunnarsson dagskrárstjóra göngudeildar.

Stefnt er að eftirfylgd úttektar í lok árs 2016.

² Skv. barnaverndarlögum eru einstaklingar yngri en 18 ára skilgreindir sem börn/unglingar.

NIÐURSTÖÐUR HLUTAÚTTEKTAR Á SJÚKRAHÚSINU VOGI

Sjúkrahúsið Vogur

STEFNA OG SÝN

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í *Stefnumótun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum (2007)*.

Markmið SÁÁ er að sinna sérhæfðri heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga með afeitrunarmeðferð og meðferð sem miðar að því að stöðva eða draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu.

Þar sem úttektin tók sérstaklega til gæða og öryggis þjónustu við konur og börn var spurt um hvort samtökin hefðu mótað sér hugmyndafræði og stefnu varðandi vímuefnameðferð á konum og börnum. Samkvæmt svörum frá forsvarsmönnum SÁÁ eru rannsóknir ásamt handbókum frá NIDA og NIAAA (undirstofnanir bandaríska heilbrigðisráðuneytisins) m.a. nýttar sem þekkingarviðmið við meðferð. Meðferðarferli kvenna snýr að því að kenna þeim að fást við löngun í vímuefni, þunglyndiseinkenni og kvíða og sérstök áhersla er lögð á að byggja upp sjálfstraust þeirra og að rjúfa félagslega einangrun að meðferð lokinni. Í tengslum við vímuefnameðferð á börnum eru m.a. notuð viðmið úr bókinni *The ASAM principles of Addiction Medicine* frá 2014 og er markmið meðferðar að stuðla að því að draga úr eða stöðva neyslu og efla sálfélagslega getu þeirra.

AÐGENGI, ÞJÓNUSTA, NÝTING OG TÖLULEG GÖGN

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Veita notendamiðaða þjónustu sem er örugg, tímanleg, skilvirk, árangursrík og þar sem jafnræðis er gætt. (*Reglugerð um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008*). Virða lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Aðgengi

Aðgengi að þjónustu á sjúkrahúsinu Vogu er gott, biðtími fyrir börn er enginn og biðtími fyrir konur er stuttur. Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru úr fylgiskjölum frá SÁÁ voru 36 börn á Vogu í alls 50 innritunum árið 2015. Fæst barnanna fara í framhaldsmeðferð sem krefst innlagnar en mörg fara á göngudeildina Von. Hluta er vísað til heilsugæslu og að sögn forsvarsmanna SÁÁ eru góð samskipti við félagsþjónustuna og barnavernd. Barnavernd kemur einnig oft að innlagnarbeiðnum og er tekið tillit til þess og úr verða flýtiinnlagnir og endurinnlagnir.

Á Vogu er um þriðjungur sjúklinga konur (u.þ.b. 20 konur á hverjum tíma), ellefu kvennarými eru á sérstökum kvennagangi þangað sem konur flytjast þegar þær eru komnar úr fyrsta stigi afeitrunar.

Að sögn hjúkrunarforstjóra koma sífellt fleiri yngri konur í meðferð á Vogu nú en áður.

Allir sem eru ólöggráða fara á unglíngadeildina á Vogu, þar eru ellefu rúm en þau eru sjaldnast fullnýtt. Að sögn forsvarsmanna SÁÁ kemur lítið af yngri börnum nú orðið, flest ungmenni eru á aldrinum 17 - 19 ára. Þegar úttekt Embættis landlæknis fór fram voru fjórir sjúklingar á unglíngadeildinni. Mjög

algengt er að unglingar sem koma til meðferðar séu með tvígreiningar, þ.e. geðgreiningar samhliða vímuefnavanda. Þeir unglingar sem þegar eru í meðferð hjá geðlækni halda því áfram og er fylgt eftir af honum.

Forsvarsmenn leggja áherslu á að öll börn séu á deildinni af fúsum og frjálsum vilja og ef þau vilja fara þá er það í samráði við forráðamenn og ef ekki næst í þá er haft samráð við barnavernd.

Þjónusta og meðferð

Meðferðin á Vogu er í byrjun að langmestu leyti fólgin í afeitrun og beinist að því að koma jafnvægi á líkamlega og andlega heilsu áfengis- og vímuefnasjúklinga. Meðferðin miðar að því að stöðva eða draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu og aðstoða sjúklinga við að breyta um lífsstíl.

Þjónusta sem veitt er samhliða og eftir afeitrun felst að miklu leyti í viðtals- og lyfjameðferð auk fræðslufyrirlestra. Viðtalsmeðferðir eru ýmist í formi einstaklings- og/eða hópmeðferðar.

Sem fyrr segir eru konur á sérgangi á Vogu og reynt er að skapa vinsamlegt umhverfi og aðstæður sem auðvelda konum að taka sín fyrstu skref í meðferðinni. Það kom fram að þær fá í auknum mæli sérstaka meðferð og fræðslu sem sniðin er að þeirra þörfum. Eftir meðferð á Vogu sem yfirleitt tekur 10-15 daga fara margar kvennanna í framhaldsmeðferð í Vík.

Börn fá að sögn forsvarsmanna sérsniðna meðferð á Vogu og er meðferðartíminn yfirleitt um 10 dagar og er markmið að stuðla að því að draga úr eða stöðva neyslu og efla sálfélagslega getu þeirra. Börn eru á sérgangi og óviðkomandi aðgangur er bannaður en þau geta farið út af ganginum þegar þeim hentar. Þótt börn séu á sérgangi og að meðferð fari að mestu fram þar eru samt sem áður töluverð samskipti milli barna og fullorðinna, t.d. í borðsal og sameiginlegu rými. Sérstök vakt ráðgjafa er inni á unglingadeildinni allan sólarhringinn og eftirlitsmyndavélar vakta sameiginleg rými.

Í svörum SÁÁ segir að reynslumiklir heilbrigðisstarfsmenn sjái um meðferð barna en fram kemur að á sjúkrahúsinu Vogu starfa ekki sérfræðingar í meðferð og umönnun barna.

Forsvarsmenn SÁÁ segjast leggja áherslu á að foreldrar taki þátt í meðferðarferlinu svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka við barninu þegar það kemur úr meðferðinni. Jafnframt er tekið fram að börn/unglingar geti alltaf fengið samtal á göngudeildinni Von, og eftirfylgni í hópstarfi á Vogu. Sérstakir fræðslufundir og námskeið eru í boði fyrir foreldra og aðstandendur ungra fíkla hvort sem þeir hafa leitað meðferðar eða ekki.

Í svörum SÁÁ kemur fram að ekki er gert ráð fyrir fullri yfirsetu yfir sjúklingum á Vogu en allir sjúklingar byrja á ákveðinni gát, mismikilli eftir aðstæðum. Á Vogu er sérstök deild sem kölluð er „gátin“ þar sem er ákveðin vöktun. Gátinni tilheyra sex herbergi og þangað fara sjúklingar sem eru í alvarlegu fráhrarfi, jafnvel meðvitundarskertir og stundum hömlulitlir. Þessir sjúklingar eru í fyrsta þætti afeitrunar og þurfa sérstaka vöktun. Lögð er áhersla á að sjúklingar eru sendir á geðsvið eða bráðamóttöku LSH ef upp koma vafamál um alvarlegan geðrænan vanda og/eða líkamlegt ástand.

Gæði og öryggi

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Koma sér upp formlegu gæðaþróunarstarfi og fylgja eigin áætlun í gæðamálum, enda ber öllum þeim er starfa í heilbrigðisþjónustu að efla gæði þjónustunnar. (*Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*). Fylgjast með gæðum og öryggi þjónustunnar og stuðla að því að þessir þættir séu sýnilegir, m.a. með notkun gæðavísa. (*Reglugerð um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008*). Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014.

Í 6. gr. samnings Sjúkratrygginga Íslands og SÁÁ, sem tekur til sérhæfðrar áfengis- og vímuefna meðferðar sjúklinga á Sjúkrahúsinu Vog, segir m.a. að SÁÁ skuli setja sér mælanleg gæða- og þjónustumarkmið sem byggja á gæðaáætlun velferðarráðuneytisins og koma sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar.

Ekki er að sjá að virk gæðastefna sé á sjúkrahúsinu Vog heldur er unnið á hefðbundinn hátt með fundum þar sem farið er yfir tilfelli þar sem eitthvað mátti betur fara.

Ekki er fyrir hendi gæðahandbók á Vog nema varðandi lyf og lyfjagjafir. Verkferlar eru til fyrir einhverja þætti þjónustunnar. Fram kom í máli hjúkrunarforstjórans að sjúklingar sem kæmu inn á Vog væru í æ meira mæli bráðveikir einstaklingar sem þyrftu mikla umönnun.

Varðandi gátina nefndu forsvarsmenn SÁÁ að þar væri yfirseta en ekki fengust í úttektinni eða fylgigögnum skýr svör um hvernig þjónustu þar væri háttað. Talað var um að ýmist væri setið yfir fólki eða litið inn til þess af og til, tekinn púls og blóðþrýstingur. Þegar um meðvitundarskerta einstaklinga er að ræða eða þá sem eru í alvarlegu fráhrarfi er gert faglegt mat hverju sinni en ekki kom fram hvaða mat væri lagt til grundvallar. Ekki eru til skriflegar verklagsreglur varðandi hvernig meðvitundarstig er metið né með hvaða lífsmörkum skuli fylgst og tíðni slíkra mælinga.

Þjónustukannanir hafa ekki verið gerðar en gerðar hafa verið kannanir varðandi fræðslufyrirlestra.

Á hverjum degi eru morgunfundir, rapportfundir, með þeim sem koma að meðferð sjúklinganna. Eftir þennan fund er stofugangur. Alla virka daga eru auk þess þverfaglegir vinnufundir með öllum meðferðaraðilum þar sem farið er yfir málefni allra sem eru inniliggjandi. Litið er á þetta ferli sem hluta af innra gæðaeftirliti.

Árangur meðferðar á Vog er metinn út frá því hve margir sjúklingar færast á næsta stig meðferðar, þ.e. fara í Vík eða göngudeild. Samkvæmt fylgigögnum frá SÁÁ hafa 50% allra sem farið hafa í vímuefna meðferð á Vog innritast einu sinni, 78% innritast þrisvar eða sjaldnar frá upphafi starfseminnar.

Fram kom að starfið á Vog er í föstum skorðum og til að mynda eru strangar reglur varðandi lyfjagjafir. Hjúkrunarfræðingar mega ekki gefa p.n. lyf nema að höfðu samráði við lækni en þetta fyrirkomulag er m.a. til að vernda hjúkrunarfræðingana fyrir ásókn sjúklingana í lyf.

Notað er rafrænt sjúkraskrárkerfi, PMO, sem ekki er samtengt við Sögukerfið eða önnur sjúkraskrárkerfi sem gerir það að verkum að aðrir meðferðaraðilar, svo sem heilsugæslulæknar geta ekki séð skráðar færslur. Hjúkrunarfræðingar og læknar skrá komu- og framvinduótur og geta skoðað skráningar hjá hvert öðru. Ráðgjafar á Vog skrá ennþá á sérstök eyðublöð en ráðgjafar á göngudeild og í Vík skrá beint í rafrænu sjúkraskrána. Við skoðun á skráningu í úttektarheimsókn á Vog kom í ljós

að lítið var skráð í framvindunótur. Hjúkrunargreiningar eru gerðar en geymdar í sérstakri möppu, ekki tengdar inn í rafræna skráningarkerfið.

Forsvarsmenn SÁÁ segjast senda öðrum meðferðaraðilum sjúklinga, t.d. heimilislækni reglulega bréf.

Forstjóri lagði áherslu á að ytra öryggiskerfi væri gott á Vogu, myndavélar víða um húsið þannig að hægt væri að fylgjast með sjúklingum. Sem fyrr segir eru sérstakar deildir fyrir börn og konur þangað sem enginn á að komast inn nema að eiga erindi.

Atvik eru skráð á þar til gerð eyðublöð frá Embætti landlæknis og haldið til haga af hjúkrunarforstjóra sem sér um að senda samantekt reglulega til embættisins. Alvarleg atvik eru tilkynnt strax.

Mannauðsmál

Hjúkrunarforstjóri tók fram að hún hefði áhyggjur af of lítilli mönnun hjúkrunarfræðinga. Einn hjúkrunarfræðingur er á kvöldvakt og tveir sjúkraliðar, einn hjúkrunarfræðingur á næturvakt ásamt áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Hjúkrunarforstjóra þykir þetta of lítil mönnun og segist skynja töluvert óöryggi hjá hjúkrunarfræðingum sem eru á þessum vöktum, þeim þyki erfitt að vera eini hjúkrunarfræðingurinn í húsinu þar sem geta verið allt að sextíu sjúklingar. Auk þess eru stundum sjúklingar á gátinni sem þurfa mikið eftirlit. Að sögn hjúkrunarforstjóra eru 9 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Vogu og 9 stöðugildi sjúkraliða og skv. samningi við SÍ eiga stöðugildi áfengis- og vímuefnaráðgjafa að vera 23. Fram kom hjá hjúkrunarforstjóra að starfandi ráðgjafar og ráðgjafanemar á Vogu væru í kringum 40 en gat ekki gefið upplýsingar hve margir þeirra væru nemar. Samkvæmt fylgiskjölum frá SÁÁ er fjöldi áfengis- og vímuefnaráðgjafa 22 og fjöldi ráðgjafanema 21.

Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði er bjart og fallegt og allur aðbúnaður góður. Sérangur er fyrir börn og konur og sérstök eining fyrir bráðveika.

NIÐURSTÖÐUR HLUTAÚTTEKTAR Á VÍK OG VON

Meðferðarstöðin Vík, Kjalarnesi

Fulltrúar Embættis landlæknis, Leifur Bárðarson og Salbjörg Bjarnadóttir fóru í úttektarheimsókn á meðferðarstöðina Vík á Kjalarnesi. Frá SÁÁ voru viðstaddir Hjalti Björnsson forstöðumaður, Þórarinn Tyrfingsson læknir og fjórir áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem sátu þó ekki allan tímann, komu í upphafi og í lok heimsóknar.

Starfsemin í Vík er skilgreind sem dagdeild, þó er um sólarhringsdeild að ræða þar sem sjúklingar dvelja allan sólarhringinn í allt að fjórar vikur. Meðferðin í Vík er fyrst og fremst ætluð konum og er sniðin að þörfum kvenna sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og hafa áður verið í afeitrun á Vogu. Vegna þess hve mikil þörf var fyrir karlarými var ákveðið var að taka einnig inn karla og eru þeir valdir sérstaklega en ekki getið nánar um eftir hverju er farið en þeir eru að jafnaði eldri en 55 ára.

Í Vík fer fram eftirmeðferð í framhaldi afeitrunar á Vogu og er áhersla á fræðslu og hópstarf. Meðferðin er að jafnaði 28 dagar. Samkvæmt upplýsingum af vef SÁÁ koma um 600 konur á Vog á hvert og fer tæpur helmingur þeirra í meðferð á Vík og er biðtími eftir meðferð þar stuttur.

Í Vík starfa fimm starfsmenn á dagvakt, tveir á kvöldvakt og einn á næturvakt, allir eru þeir áfengis- og vímuefnaráðgjafar. Enginn hjúkrunarfræðingur starfar á deildinni og læknir kemur einu sinni í viku en deildin hefur vaktþjónustu eins og aðrar deildir SÁÁ. Starfsmenn geta hringt í hjúkrunarfræðing á Vogu ef þörf krefur.

Í Vík eru 17 tveggja manna herbergi og yfirleitt eru 24-28 í meðferð í einu. Rými kvenna og karla eru ekki aðgreind nema salernis- og baðaðstaða. Konur og karlar deila matsal og sækja sameiginlega fyrirlestra og hópmeðferð, einnig er boðið upp á kynjaskipta meðferð. Að sögn forsvarsmanna SÁÁ er mikið áhersla lögð á að vernda einkalíf sjúklinga og er óviðkomandi stranglega bannað að fara inn á herbergi sjúklinga.

Á nóttunni er aðeins einn starfsmaður á vakt og að sögn dagskrárstjóra gegnir hann í raun hlutverki húsvarðar. Sá sem er á næturvakt má sofa og ekkert öryggiskerfi er í húsinu, ekki myndavélar eða slíkt og sjúklingar geta ekki læst herbergjum.

Húsnæði er barn síns tíma en til stendur að byggja nýtt hús fyrir starfsemina og er áætlað að framkvæmdir við þá byggingu hefjist vorið 2016.

Göngudeildin Von, Efstaleiti

Fulltrúar Embættis landlæknis, Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson og Salbjörg Bjarnadóttir fóru í heimsókn á göngudeild SÁÁ, Von. Frá SÁÁ var viðstaddur Karl Gunnarsson áfengis- og vímuefnaráðgjafi sem er dagskrárstjóri á göngudeildinni.

Aðgengi að göngudeildinni er gott og þrátt fyrir töluvert álag er séð til þess að flestir fái viðtal samdægurs. Það er bæði hægt að hringja og panta tíma en einnig er hægt að koma beint í móttökuna sem er opin frá kl. 09 - 17. Biðtími er lítill sem enginn.

Á göngudeildinni fer fram eftirmeðferð fólks sem hefur verið í meðferð á Vogu, Vík og á Staðarfelli og margir koma þangað beint án þess að hafa farið í meðferð á Vogu. Meðferðin á göngudeildinni er aðallega í formi fyrirlestra, hópmeðferða og einstaklingsviðtala.

Á göngudeildinni er starfræktur svokallaður U hópur sem er sérniðinn fyrir ungt fólk undir 25 ára aldri og er a.m.k. vikulegur hópfundur með ráðgjafa. Engin hópmeðferð er sérstaklega á göngudeild fyrir börn undir 18 ára en þau hafa möguleika á að koma í U hópinn. Í tengslum við U hópinn fer fram töluvert félagsstarf, svo sem ferðalög, bío og böll og þangað eru allir velkomnir og þetta er gjaldfrjálst.

Á göngudeildinni er boðið upp á sérstök ráðgjafaviðtöl og kvennastuðning. Á göngudeildinni starfa áfengis- og vímuefnaráðgjafar og sálfræðingar sem koma að meðferð barna og unglunga en læknir skipuleggur kvennameðferðina.

Töluvert barnastarf er á göngudeildinni, þar eru bæði börn sem hafa verið í meðferð á Vogu og einnig börn sem ekki eru sjálf í neyslu en eru börn alkóhólista eða annarra fíkla. Á göngudeildinni starfa tveir sálfræðingar í fullu starfi sem sinna börnum frá 8 ára aldri sem koma fyrir tilstilli forráðamanna eða barnaverndar vegna fíknisjúkdóms foreldra, eldri systkina eða annarra.

Einnig er öflug fjölskyldumeðferð í Von í námskeiðsformi, tvisvar í viku í fjórar vikur og stuðningshópur og eftirfylgd í kjölfarið.

Dagskrárstjóri sagði að góður árangur væri af meðferðinni en hafði ekki neinar árangursmælingar handbærar.

Fundað er með velferðarsviði Reykjavíkurborgar einu sinni í mánuði og samskipti við félagsþjónustuna hafa aukist.

Húsnæði er gott og hentar starfsemi vel, nóg af vistarverum fyrir viðtöl og stór fyrirlestrarsalur sem hægt er að nota líka fyrir skemmtanir.

Öryggi er vel tryggt og eru kóðar á öllum hurðum.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Jákvætt er hversu gott aðgengi er að þjónustu hjá SÁÁ á Sjúkrahúsinu Vogu og biðtími fyrir konur og börn stuttur. Á Vogu er lögð áhersla á að konur sem eru í vímuefna meðferð fái í auknum mæli meðferð og fræðslu sem sniðin er að þörfum þeirra og er það vel. Þá er jákvætt hve öflugt barna- og unglingastarf er á göngudeildinni Von og hversu vel er haldið utan um fjölskyldur barnanna þar. Á göngudeildinni er starfandi U hópur sem er sérsniðinn fyrir ungt fólk yngra en 25 ára. Með starfi hópsins er reynt á áhugaverðan hátt að brúa bil meðferðar barna sem eru að nálgast lögræðisaldur og fullorðinna. Einnig er jákvætt hve húsnæði og aðstaða er almennt góð og vel að sjúklingum búið.

Hins vegar er ekki skráð með sýnilegum hætti hver stefna SÁÁ er varðandi meðferð kvenna og barna sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða, hvaða árangri stofnunin hyggst ná og hvernig árangur er gerður sýnilegur sjúklingum, starfsfólki og öðrum. Gæðavísar um gæði þjónustunnar eru ekki sýnilegir. Embætti landlæknis telur nauðsynlegt að SÁÁ setji fram skýra stefnu, leiðir að settu marki og mat á árangri. Þannig er hægt að meta á raunverulegan hátt árangur starfseminnar.

Embætti landlæknis telur athugasemdir að börn í vímuefna meðferð á Vogu séu í töluverðum samskiptum við fullorðna áfengis- og vímuefnasjúklinga sem eru þar í meðferð. Embætti landlæknis leggur ríka áherslu á að fylgst sé gaumgæfilega með samskiptum barna og fullorðinna og að börn njóti sérstakrar verndar eins og lög kveða á um.

Á sjúkrahúsinu Vogu starfa ekki sérfræðingar í meðferð og umönnun barna en það er mat embættisins að þar sem börn eru í meðferð skuli slíkt starfsfólk starfa. Embættið tekur undir áhyggjur hjúkrunarforstjóra varðandi of litla mönnun hjúkrunafræðinga og sjúkraliða.

Ekki er fyrir hendi gæðahandbók nema varðandi lyf og lyfjagjafir. Verkferlar eru til fyrir einhverja þætti þjónustunnar. Ekki eru til skriflegar verklagsreglur varðandi ýmsa þætti starfseminnar, til að mynda á gátinni á Vogu. Embætti landlæknis gerir alvarlegar athugasemdir við það þar sem um getur verið að ræða mjög veika einstaklinga, ekki síst í ljósi þess að þar hafa orðið alvarleg atvik.

Engin eiginleg næturvakt er í Vík, á nóttunni er aðeins einn starfsmaður á vakt og má hann sofa en ekkert öryggiskerfi er í húsinu og ekki myndavélar. Þetta fyrirkomulag er að mati Embættis landlæknis ekki ásættanlegt þar sem um heilbrigðisstofnun er að ræða og sjúklingar eiga að njóta sólarhringsþjónustu.

Þjónustukannanir hafa ekki verið gerðar en Embætti landlæknis telur mikilvægt að reglulega sé fylgst með reynslu og viðhorfum sjúklinga til þjónustunnar. Niðurstöður úr þjónustukönnunum eiga að vera hluti af innra gæðaeftirliti stofnunarinnar og nýtast í umbótastarfi.

Notað er rafrænt sjúkraskrárkerfi, PMO, sem er ekki samtengt við Sögukerfið eða önnur sjúkraskrárkerfi og geta aðrir meðferðaraðilar, svo sem heilsugæslulæknar ekki séð skráðar færslur. Hjúkrunarfræðingar og læknar skrá komu- og framvindunótur rafrænt en ráðgjafar á Vogu skrá á sérstök eyðublöð en ekki rafrænt. Hjúkrunargreiningar eru gerðar en geymdar í sérstakri möppu, ekki tengdar inn í rafræna skráningarkerfið. Embætti landlæknis bendir á hættuna á því að meðferð verði ekki samræmd og markviss ef skráning er á mörgum stöðum og sjúkraskrárkerfi ekki samtengd.

SÁÁ veitir heilbrigðisþjónustu sem er ólík þjónustu annarra heilbrigðisstofnana. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar, auk ráðgjafanema (sem ekki eru löggiltir heilbrigðisstarfsmenn), bera að mestu leyti uppi meðferð sjúklinga á öllum starfsstöðvum SÁÁ. Á Vogu starfa auk þeirra læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingur og sjúkraliðar. Ólíkt öðrum heilbrigðisstéttum sækja áfengis- og vímuefnaráðgjafar ekki menntun sína til viðurkenndrar menntastofnunar heldur til vinnuveitanda síns og kennarar eru starfsmenn SÁÁ. Starfsnám fer einungis fram á meðferðarstofnunum SÁÁ.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

- Setja fram skýra stefnu um vímuefna meðferð kvenna og barna.
- Tryggja öryggi barna með því að fylgjast gaumgæfilega með samskiptum barna og fullorðinna í vímuefna meðferð.
- Auka aðgengi barna sem eru í vímuefna meðferð á Vogu að sérfræðingum í meðferð og umönnun barna.
- Auka mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.
- Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi meðferð aðgengilegar starfsfólki.
- Endurskoða verklag varðandi tilhögun næturvakta í Vík.
- Efla innra eftirlit.
- Gera þjónustukannanir reglulega.
- Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis varðandi gæði og öryggi (*Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*).
- Tengja hjúkrunarskráningu og skráningu ráðgjafa á Vogu við rafrænar sjúkraskrárupplýsingar